

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 289/2024

2025/EES/25/38

frá 6. desember 2024

um breytingu á VII. viðauka (Viðurkenning á faglegri menntun
og hæfi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/782 frá 4. mars 2024 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB að því er varðar lágmarkskröfur um menntun hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og lyfjafræðinga ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1395 frá 5. mars 2024 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB að því er varðar vitnisburð um formlega menntun og hæfi og heiti náms ⁽²⁾.
- 3) VII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB) í VII. viðauka við EES-samninginn:

- „— **32024 L 0782:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/782 frá 4. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/782, 31.5.2024),
- **32024 D 1395:** Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1395 frá 5. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1395, 31.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2024/782 og framseldrar ákvörðunar (ESB) 2024/1395, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/782, 31.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir_del/2024/782/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1395, 31.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_del/2024/1395/oj

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður